

# **HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS**

---


Hagfræðistofnun Háskóla Íslands  
Odda v/Sturlugötu  
Sími: 525-4500/525-4553  
Fax nr: 552-6806  
Heimasiða: [www.hag.hi.is](http://www.hag.hi.is)  
Tölvufang: [ioes@hag.hi.is](mailto:ioes@hag.hi.is)


Skýrsla nr. C98:01

## **Áfangaskýrsla III Vegna könnunar á flutningum eftir vegakerfinu**

Skýrsla til Vegagerðarinnar

Febrúar 1998








## Formáli

Með skýrslu þessari lýkur öðrum áfanga verkefnisins um könnun á flutningum eftir vegakerfinu. Hönnun gagnagrunns fyrir gögn úr vegakönnunum og fyrirtækjakönnunum er lokið, þótt reikna megi með að hann þróist á næstu árum. Í grunninum eru gögn úr fimm vikulöngum vegakönnunum, og einni dagskönnun, sem gefa allgott yfirlit yfir flutninga á vegum landsins. Þessi gögn lýsa þó ekki af nákvæmni flutningum á mismunandi tímum ársins eða þróun flutninga. Sömuleiðis ná þessar kannanir ekki til allra vega landsins. Þannig er mikið verk óunnið ef ætlunin er að fá nákvæma mynd af flutningum eftir vegakerfinu. Í gagnagrunninum eru einnig upplýsingar um flutninga á árinu 1996 sem fengust með könnunum meðal flutningaaðila. Í skýrslunni er gerð grein fyrir gagnagrunninum og þeim gögnum sem í honum eru. Auk þess eru gögnin notuð til að draga ályktanir um flutninga á vegakerfinu, bæði til að sýna helstu aðferðir sem til þess henta, og til að gefa yfirlit yfir flutninga. Að lokum er framhald verkefnisins reifað.

Dr. Snjólfur Ólafsson hafði umsjón með verkinu, en að því unnu ásamt honum Marías Halldór Gestsson, Marin I. Kardjilov og Nora B. Dimitrova. Eins og áður höfðu Hreinn Haraldsson og Auður Þóra Árnadóttir umsjón með verkefninu fyrir hönd Vegagerðarinnar.

Hagfræðistofnun í febrúar 1998,




Tryggvi Pór Herbertsson,  
forstöðumaður.



# Efnisyfirlit

	bls.
Ágrip	4
English summary	5
Töflulisti	6
1. Inngangur	7
2. Lýsing á gagnagrunninum	9
3. Upplýsingar frá flutningaaðilum	13
4. Lýsing á veganeti	17
5. Mat á heildarflutningum	24
5.1. Eldra mat á heildarflutningum	24
5.2. Mat á heildarflutningum út frá gagnagrunni	26
6. Flutningar skoðaðir	27
6.1. Flutningar í einstökum könnunum	27
6.2. Fiskflutningar skoðaðir	40
7. Sveiflur í flutningum	44
7.1. Greining breytileika í flutningum	44
7.2. Vikusveiflur	45
8. Næsti áfangi	48



## Ágrip

Með skýrslu þessari lýkur öðrum áfanga verkefnisins um könnun á flutningum eftir vegakerfinu sem Hagfræðistofnun hefur unnið að fyrir Vegagerðina undanfarin þrjú ár.

Megináhersla hefur verið lögð á að gera kannanir á lykilstöðum á vegakerfinu, í viku í senn. Kannanirnar fara þannig fram að allir flutningabilar eru stöðvaðir og upplýsingar um farm skráðar, þ.e. hvernig hann skiptist í vörutegundir, þyngd hverrar vörutegundar og jafnframt hvaðan og hvert verið er að flytja hverja vörutegund. Gerðar hafa verið fimm vikukannanir:

Staður	Tími	Tonn	Tonnm
Pyrill við Hvalfjörð	15.-21. október 1995	6.169	1.453.346
Egilssstaðir	14.-20. júlí 1996	1.686	148.439
Litla kaffistofan á Hringvegi ofan Sandskeiðs	11.-17. ágúst 1996	10.949	1.401.595
Brú við Hrútafjörð	10.-16. ágúst 1997	4.301	1.595.327
Austan Akureyrar	21.-27. september 1997	3.248	424.125

Auk þess hefur upplýsingum um flutninga á árinu 1996 verið safnað frá fyrirtækjum sem annast flutninga, eða hafa upplýsingar um flutninga. Sú vinna skilaði frekar ófullkomnum gögnum sem þó eru mikils virði. Þá er reynslan ekki síður mikilvæg og auðveldar að fá mun betri upplýsingar fyrir árið 1997.

Hönnun gagnagrunns fyrir gögn úr vegakönnunum og fyrirtækjakönnunum er lokið, þótt reikna megi með að hann þróist á næstu árum. Fyrstu skrefin hafa verið stigin í þá átt að tengja þær upplýsingar sem eru í gagnagrunninum við það landupplýsingakerfi sem Vegagerðin er að taka í notkun um þessar mundir.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir gagnagrunninum og þeim gögnum sem í honum eru. Auk þess eru gögnin notuð til að draga ályktanir um flutninga á vegakerfinu, bæði til að sýna helstu aðferðir sem til þess henta, og til að gefa yfirlit yfir flutninga. Meðal annars er fjallað um reglulegar og óreglulegar breytingar í flutningum. Að lokum er fjallað um næsta áfanga verkefnisins og m.a. lagt til að lögð verði áhersla á að gera tveggja daga kannanir á stöðum þar sem lítið er vitað um umfangsmikla flutninga.



## **English summary**

Since 1995 the Economic Institute has been working on a project for the Public Road Administration to collect data about goods transport on the Icelandic roads. With this report the second part of the project is finished.

In the first part of the project surveying methods were developed but in the surveys each truck was stopped and information on its cargo registered as well as its origin and destination. Furthermore a database in Access was developed.

In the second part week long surveys were conducted in five important places in Iceland and the data put in the database. It is believed that these places cover about 2/3 of the total transport on Icelandic roads. This report describes the data and some conclusions are drawn.


The regular and irregular fluctuations in transport are discussed. The emphasis is on the fluctuation within the week and on basis of that study it will be possible to use much more cost-efficient one or two days surveys in the future.

Besides the road surveys data was collected from companies which keep important information about goods transport. This survey resulted in an incomplete data set which gives some useful information and experience that will be of use for the next survey.



# Töflulisti

1. tafla: <i>Upplýsingar sem gagnagrunnur hefur að geyma.</i>	10
2. tafla: <i>Kannanir sem gerðar hafa verið.</i>	11
3. tafla: <i>Flokkar og undirflokkar í vegkönnunum.</i>	11
4. tafla: <i>Heildartölur fyrir vikukannanir.</i>	12
5. tafla: <i>Flutningar á árinu 1996 samkvæmt gögnum úr fyrirtækjakönnunum.</i>	12
6. tafla: <i>Hnútar í veganeti.</i>	18
7. tafla: <i>Vörpun staða samkvæmt spurningablaði yfir í staði á vegneti.</i>	20
8. tafla: <i>Vöruflokkar í Kampsax-skýrslu.</i>	25
9. tafla: <i>Úr skýrslu landflutninganeftnar um árið 1992.</i>	25
10. tafla: <i>Mat á heildarflutningum á grundvelli gagnagrunns.</i>	26
11. tafla: <i>Könnun 2 - frá stöðum.</i>	28
12. tafla: <i>Könnun 2 - til staða.</i>	29
13. tafla: <i>Könnun 3 - frá stöðum.</i>	30
14. tafla: <i>Könnun 3 - til staða.</i>	31
15. tafla: <i>Könnun 4 - frá stöðum.</i>	32
16. tafla: <i>Könnun 4 - til staða.</i>	33
17. tafla: <i>Könnun 5 - frá stöðum.</i>	34
18. tafla: <i>Könnun 5 - til staða.</i>	35
19. tafla: <i>Könnun 6 - frá stöðum.</i>	36
20. tafla: <i>Könnun 6 - til staða.</i>	37
21. tafla: <i>Könnun 7 - frá stöðum.</i>	38
22. tafla: <i>Könnun 7 - til staða.</i>	39
23. tafla: <i>Fiskflutningar milli landshluta 1996 skv. gögnum frá fiskmörkuðum.</i>	41
24. tafla: <i>Fiskflutningar milli staða 1996 skv. gögnum frá fiskmörkuðum.</i>	42
25. tafla: <i>Fiskflutningar í 6. könnun margfaldaðir með 52.</i>	43
26. tafla: <i>Dreifing flutninga í 5 vikukönnunum innan vikunnar.</i>	47



# 1. Inngangur

Með þessari skýrslu lýkur öðrum áfanga verkefnisins *Könnun á flutningum eftir vegakerfinu* sem hófst með forathugun vorið 1995.


Í upphafi verkefnisins var lögð megináhersla á að skilgreina og framkvæma vegakannanir. Í því fólst meðal annars hönnun spurningaeyðublaðs og val á stað og tíma fyrir hinum mismunandi kannanir. Á þetta er lögð áhersla í skýrslunum *Forathugun vegna könnunar á flutningum eftir vegakerfinu*, nr. C95:05 (nr. 7/1995), *Flutningar eftir vegakerfinu: Áfangaskýrsla I* nr. C96:01. og: *Áfangaskýrsla II vegna könnunar á flutningum eftir vegakerfinu*, nr. C97:04.

Annar meginþáttur verkefnisins var að hanna gagnagrunn og setja gögn úr könnunum í hann. Nú eru í grunnum gögn úr einni dagskönnun og fimm vikukönnunum. Unnið var að margvíslegum endurbótum á gagnagrunnum á árinu 1997. Í 2. kafla í þessari skýrslu er gerð grein fyrir grunnum eins og hann er nú.

Priðji þáttur verkefnisins var að safna gögnum frá flutningaaðilum (fyrirtækjakannanir) og hanna gagnagrunn fyrir upplýsingar frá þeim. Til þessa þáttar fíkkst styrkur frá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Því var skrifuð sérstök skýrsla um hann fyrir Nýsköpunarsjóðinn sem Vegagerðin hefur fengið eintak af. Í 3. kafla er gerð grein fyrir þessari upplýsingaöflun. Gagnagrunnum er lýst í 2. kafla. Í raun má líta á gögnin úr vega- og fyrirtækjakönnunum sem einn eða tvo gagnagrunna að vild.

Á síðustu mánuðum hefur verið unnið að fjórða þættinum sem er að draga upp heildarmynd af flutningum á vegakerfinu í ljósi fyrirliggjandi gagna. Þessi vinna er á byrjunarstigi en í 5. og 6. kafla er gerð grein fyrir henni. Tekið skal fram að Vegagerðin hefur á liðnum árum fengið og notað ýmis gögn úr grunnum, samkvæmt sérstökum óskum.

Á síðustu mánuðum var unnið markvisst að þróun aðferða til að nota gagnagrunninn. Einn liður í því var að skilgreina staði sem verða hnútar í samgönguneti. Gerð er grein fyrir þessu neti í 4. kafla. Einnig var unnið að tæknilegri hlið málsins. Ákveðið var að nota MapInfo auk Access og Excel við meðhöndlun gagna og upplýsinga. Meginástæða þess er að landupplýsingakerfi sem Vegagerðin er að taka í notkun um þessar mundir byggir á MapInfo.



Eðlilegt er að á árinu 1998 verði upplýsingum safnað á svipaðan hátt og árið 1997, þ.e. bæði með vegakönnunum og söfnun upplýsinga frá flutningaaðilum. Þær upplýsingar sem hafa fengist með vikukönnunum gera það þó mögulegt að notast framvegis að mestu við eins eða tveggja daga kannanir, sjá 7. kafla.

Samtímis er eðlilegt að halda áfram markvissri þróun gagnagrunns og aðferða við að lesa upplýsingar (og þekkingu) úr grunninum. Margt mælir með því að útvíkka gagnagrunninn á þessu stigi þannig að hann nái einnig yfir flutninga á sjó og í lofti.



## 2. Lýsing á gagnagrunninum

Nú er lokið við að hanna gagnagrunn með þeim gögnum sem safnað hefur verið, með vegakönnunum og fyrirtækjakönnunum, um flutninga eftir íslenska þjóðvegakerfinu. Við hönnunina var lögð áhersla á að sem auðveldast væri að fá nauðsynlegar upplýsingar úr gagnagrunninum og að auðvelt væri að bæta við nýjum gögnum þegar þau berast.

Gagnagrunnsforritið *Microsoft Access* er notað til þess að geyma gögnin. Auðvelt er að ná í upplýsingar úr gagnagrunninum og að setja þær fram á þann hátt sem óskað er eftir eða færa þau inn í annan hugbúnað, t.d. Excel. Auk þess er auðvelt að bæta við nýjum gögnum í gagnagrunninni þegar forritið er notað.

<sup>3</sup> Þau gögn sem hafa fengist með könnunum veita upplýsingar um flutninga á milli staða á landinu eftir þjóðvegakerfinu. Alls koma við sögu um 400 staðir.

Með hliðsjón af því markmiði að fá yfirsýn yfir flutninga á vegakerfinu þykir æskilegt að vinna með færri staði. Því var skilgreint veganet með 86 stöðum, sjá 6. töflu á bls. 18 og kort á bls. 19.

Staðirnir á veganetinu eru mun færri en staðirnir í könnununum. Til þess að sem auðveldast sé að bæta við nýjum gögnum í gagnagrunninni og að sem auðveldast sé að fá upplýsingar um flutninga á milli staðanna á veganetinu hefur gagnagrunninum verið skipt í tvennt. Annars vegar er um að ræða gagnagrunn sem hefur að geyma þau gögn sem fást með áðurnefndum könnunum og auðvelt er að bæta nýjum gögnum við. Hins vegar er um að ræða gagnagrunn sem hefur að geyma sömu gögn og fyrrnefndur gagnagrunnur auk þess sem staðirnir í könnunum eru tengdir við staðina á veganetinu þannig að sem auðveldast sé að fá upplýsingar úr gagnagrunninum um flutninga á milli þessara staða. Þar sem gögnum er safnað með fyrirtækjakönnunum annars vegar og hins vegar með vegakönnunum er gagnagrunnurinn því í raun fjórir gagnagrunnar:

### GAGNAGRUNNURINN:

	Uppl. skv. könnunum	Uppl. skv. veganeti
Vegakannanir	VK	VV
Fyrirtækjak. v/ársins 1996	FK	FV

Gagnagrunnur VK hefur að geyma gögn úr vegakönnunum og úr honum er hægt að fá upplýsingar um flutninga á milli staða samkvæmt stöðum í vegakönnunum.



Gagngrunnur VV hefur einnig að geyma gögn úr vegakönnunum en hægt er að fá úr honum upplýsingar um flutninga á milli staða á veganeti. Gagnagrunnur FK hefur að geyma gögn úr fyrirtækjakönnun vegna ársins 1996 og úr honum er hægt að fá upplýsingar um flutninga á milli staða samkvæmt stöðum í fyrirtækjakönnuninni. Að lokum hefur gagnagrunnur FV einnig að geyma gögn úr fyrirtækjakönnun vegna ársins 1996 en hægt er að fá úr honum upplýsingar um flutninga á milli staða á veganeti. Þegar nýjar upplýsingar berast eru þær færðar inn í gagnagrunna VK og FK eftir því hvort um fyrirtækjakönnun eða vegakönnun er að ræða.

Þeir hlutar gagnagrunna VK og FK sem uppfærðir eru þegar ný gögn berast eiga hliðstæða hluta í gagnagrunnum VV og FV. Uppfærðu hlutar gagnagrunna VK og FK eru því afritaðir yfir í gagnagrunna VV og FV. Hins vegar verður að varast að ef nýir staðir eru í nýjum gögnum verður að uppfæra þá handvirkt í báðum gagnagrunnum, þ.e. í gagnagrunni samkvæmt stöðum í könnunum og gagnagrunni samkvæmt stöðum á skilgreindu veganeti.


Gagnagrunnurinn samrýmist því þeim skilyrðum sem að framan voru sett, þ.e. að sem auðveldast væri að fá nauðsynlegar upplýsingar úr gagnagrunninum og að sem auðveldast væri að bæta við nýjum gögnum í gagnagrunninni.

Í þessari skýrslu er greint frá ýmsum gögnum í gagnagrunninum, en ekki er gerð tilraun til að gefa tæmandi lýsingu á honum. Hér eru fyrst nokkrar töflur sem gefa yfirsýn yfir innihald gagnagrunnsins, en í síðari köflum eru meiri upplýsingar. 1. tafla gefur yfirlit yfir hvaða gögn eru í grunninum.

1. tafla: *Upplýsingar sem gagnagrunnur hefur að geyma.*

Vegakannanir	Fyrirtækjakannanir
Kannanir	Veitendur gagna
Framkvæmdaaðilar könnunar	Staðir sem flutt er frá og til
Aðilar sem sjá um tölvuvinnslu	Landshlutar sem flutt er frá og til
Staðir sem flutt er frá og til	Tegundir vöru sem flutt er
Landshlutar sem flutt er frá og til	Magn vöru sem flutt er
Tegundir vöru sem flutt er	
Tegundir bifreiða sem flytja vörur	
Magn vöru sem flutt er	

Mikilvægustu upplýsingar í grunninum eru niðurstöður fimm vikukannana, sem hafa hlotið númerin 3 - 8. Könnun númer 1 var eins dags könnun og liður í að þróa



spurningareyðublöð sem notuð voru og þróa vinnubrögð við vegakannanir. Niðurstöður úr þessari könnun eru ekki nothæfar. Í 2. töflu er greint frá því hvar og hvenær kannanir voru gerðar. Í könnuninni við Pyril voru allir bílar stöðvaðir allan sólarhringinn, en í hinum vikukönnunum frá kl. 06 til kl. 01 (19 klst.). Könnunin við Brú var í raun framkvæmd samtímis á tveimur stöðum: við Brú og við Staðarskóla. Þess var þó gætt að enginn bíll væri tvítalinni.

2. tafla: *Kannanir sem gerðar hafa verið.*


Nr	Dagsetning	Staður
1	gögn voru ekki nothæf	
2	12. september 1995	Vestan við Skeiðavegamót
3	15.-21. október 1995	Pyrill, Hvalfirði
4	14.-20. júlí 1996	Egilssstaðir (vegamót 1 og 92)
5	11.-17. ágúst 1996	Litla kaffistofan á Hringvegi ofan Sandskeiðs
6	10.-16. ágúst 1997	Brú, Hrútafirði (vegamót 1 og 68)
7	21.-27. september 1997	Austan við Akureyri

Í 3. töflu eru sýndir þeir flokkar sem notaðir eru í vegkönnunum. Ef í bíl eru vörur í fleiri en einum vöruflokki þá eru skráðar fleiri en ein færsla. Hver færsla segir til um magn af vörum í einum vöruflokki sem fer frá stað A til staðar B.

3. tafla: *Flokkar og undirflokkar í vegkönnunum.*

Nr	Flokkur	Undirflokkar
1	Fólk	
2	Fiskur	Grálúða, Karfi, Koli, Lax, Rækja, Síld, Ufsi, Ýsa, Porskur, Blandað, Annað
3	Landbúnaðarvörur	Aðföng, Egg, Fiðurfé, Grænmeti, Kjöt (óunnið), Unnar kjötvörur, Óunnin mjólk, Unnar mjólkurvörur, Blandað, Annað
4	Neysluvörur	Drykkjarvara, Ís og sælgæti, Blandað, Annað
5	Olíuvörur og gas	Bensín, Gasolía, Gas, Smávara, Smurolía, Svartolía, Annað
6	Malar- og byggingarefni	Grjót, Innbú, Jár, Möl, Sandur, Steypa/segment, Timbur, Vikur, Annað
7	Tómur	
8	Annað	
9	Blandaðar vörutegundir	

Í 4. töflu eru birtar heildartölur um flutningsmagn fyrir vikukannanirnar. Annars vegar er gefið heildarflutningsmagn sem var í þeim flutningabílum sem voru stöðvaðir og



hins vegar er magnið margfaldað með þeirri vegalengd sem það er flutt. Upplýsingar um fólksflutninga eru í grunninum en ekki í þessum tölu.

4. tafla: *Heildartölur fyrir vikukannanir.*


Nr	Staður	Tonn	Tonnm
3	Pyrill	6.169	1.453.346
4	Egilsstaðir	1.686	148.439
5	Litla kaffistofan	10.949	1.401.595
6	Brú	4.301	1.595.327
7	Akureyri	3.248	424.125
	Samtals	26.353	5.022.832

Af 4. töflu má sjá að af þeim stöðum sem kannaðir voru fer mest flutningsmagn um Hringveginn ofan Sandskeiðs (við Litlu kaffistofuna). Þegar magn er hinsvegar margfaldað með fjarlægð þá eykst mikilvægi vegamótanna við Brú í Hrútafirði. Þar eru flestir bílar að flytja vöru langar leiðir, fyrst og fremst milli Reykjavíkur og Norðurlands og milli Reykjavíkur og Vestfjarða.

Í næsta kafla er greint frá upplýsingaöflun frá flutningaaðilum en til að auka yfirsýnina nú er hér birt tafla sem sýnir heildarflutningsmagn sem upplýsingar fengust um úr þeim könnunum.

5. tafla: *Flutningar á árinu 1996 samkvæmt gögnum úr fyrirtækjakönnunum.*

Flutningar	Veitandi upplýsinga	Magn (tonn)
Áburðarflutningar	Áburðarverksmiðjan	73.978
Fiskflutningar	Íslandsmarkaður	52.379
	Reiknistofa fiskmarkaða	42.839
	Samtals fiskflutningar	95.218
Mjólkurflutningar	Samtök Afurðastöðva í Mjólkuriðnaði	104.896
Flutningar mjólkurafurða	Mjólkurbú Flóamanna	28.566
	Mjólkursamlag KVH	2.325
	Mjólkursamlag Vopnafjarðar	205
	Samtals flutningar mjólkurafurða	31.096
Sementsflutningar	Sementsverksmiðjan	25.405
Samtals flutningar samkvæmt gögnum úr fyrirtækjakönnunum		330.592



### 3. Upplýsingar frá flutningaaðilum

Samhliða vegakönnunum var á síðasta ári unnið að því að fá upplýsingar um flutninga á árinu 1996 frá flutningaaðilum. Sú vinna skilaði frekar ófullkomnum gögnum sem þó eru mikils virði. Þá er reynslan ekki síður mikilvæg og auðveldar að fá mun betri upplýsingar fyrir árið 1997. Auk þess er nú búið að hanna gagnagrunn fyrir þessi gögn og fyrstu skrefin stigin við að samnýta gögn úr vega- og fyrirtækjakönnunum.

Helsti kostur fyrirtækjakannana er sá að þær eru frekar ódýrar í framkvæmd. Helsti ókostur þeirra er hins vegar sá að óvist er hversu nákvæmra upplýsinga hægt er að afla með slíkum könnunum. Eftirfarandi spurningar lýsa þessu betur:

1. *Hjá hvaða aðilum er best að fá upplýsingar til að fá sem besta mynd af flutningum eftir þjóðvegakerfinu?*
2. *Í hve miklum mæli munu þeir aðilar sem reynt er að fá upplýsingar hjá vera tilbúnir að láta umbeðnar upplýsingar af hendi?*
3. *Munu upplýsingarnar sem fengnar eru vera nothæfar?*

Undirbúningur fyrirtækjakönnunarinnar fólst í að leggja mat á mikilvægi upplýsinga um vöruflutninga eftir þjóðvegakerfinu sem einstakir hópar aðila geta látið af hendi. Þetta var gert í tveimur skrefum. Í fyrsta lagi var lagt mat á mikilvægi upplýsinga um flutninga einstakra vörutegunda. Þetta var gert með því að leggja mat á umfang flutninga hverrar vörutegundar.<sup>1</sup> Niðurstaðan var eftirfarandi röðun vörutegunda eftir mikilvægi upplýsinga um flutninga þeirra:

1. - 2. *Fiskur*
1. - 2. *Aðrar vörur en þær tegundir sem hér eru nefndar*
3. *Grjót, möl, sandur og vikur*
4. *Aðrar neysluvörur*
5. *Olíuvörur*
6. *Aðrar byggingarvörur*
7. - 9. *Aðrar landbúnaðaráfurðir*
7. - 9. *Landbúnaðaraðföng*
7. - 9. *Mjólk og mjólkurafurðir*
10. *Steypa og sement*

<sup>1</sup> Til að leggja mat á umfang flutninga hverrar vörutegundar var notaður mælikvarðinn tonnkílómetrar. Notaðar voru upplýsingar um flutninga einstakra vörutegunda í vegakönnunum 3 – 6 auk þess sem lagt var huglaðt mat á fjölda kflómetra sem hver vörutegund er flutt að meðaltali.



Það má því gera ráð fyrir að mikilvægustu upplýsingarnar varðandi vöruslutningana séu upplýsingar um fiskflutninga vegna umfangs þeirra. Í öðru lagi var ákvarðað hvaða aðilar gætu látið af hendi upplýsingar um flutninga einstakra vörutegunda. Í því skyni var aðilum skipt í eftifarandi hópa (vörur sem viðkomandi hópar aðila geta veitt upplýsingar um flutninga á):<sup>2</sup>

### ***Flutningafyrirtæki***

*Vöruslutningafyrirtæki (Mjólk og mjólkurafurðir, aðrar neysluvörur, olíuvörur, aðrar byggingarvörur, aðrar landbúnaðarafurðir og aðrar vörur .....*)

*Póstflytjendur (Aðrar vörur .....*)

#### ***Aðrir aðilar***

*Olíufyrirtæki (Olíuvörur)*

*Fiskmarkaðir (Fiskur)*

*Malarflytjendur (Grjót, möl, sandur, vikur og steypa)<sup>3</sup>*

*Áburðarframleiðendur (Landbúnaðaraðföng)*

*Sementsframleiðendur (Sement)*

*Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði (Mjólk og mjólkurafurðir)*

Það má því gera ráð fyrir að hægt sé að afla mikilvægustu upplýsinganna varðandi vöruslutninga eftir íslenska þjóðvegakerfinu hjá fiskmörkuðum þar sem þeir geta látið af hendi upplýsingar varðandi fiskflutninga.

Eftir að ákvarðað hafði verið hjá hvaða hópi aðila best væri að fá upplýsingar um flutningana var athugað hvaða aðilar væru innan hvers hóps. Niðurstaðan er eftifarandi:

### ***Flutningafyrirtæki***

*Vöruslutningafyrirtæki*

Vöruslutningamiðstöðin

Landflutningar

BM flutningar

HSH flutningar

Eimskip

Samskip

Önnur smærri vöruslutningafyrirtæki


*Fólksflutningafyrirtæki*

Bifreiðastöð Íslands

Önnur smærri fólksflutningafyrirtæki

<sup>2</sup> Ef þær upplýsingar sem aðrir aðilar geta veitt eru tæmandi flutninga á viðkomandi vörum eftir þjóðvegakerfinu þá eru viðkomandi flutningar ekki taldir upp sem flutningar sem vöruslutningafyrirtæki geta veitt upplýsingar um. Í þessu samhengi verður hins vegar að fá sundurliðaðar upplýsingar hjá vöruslutningafyrirtækjum til að komast hjá tvítalningu.

<sup>3</sup> Þar sem malarflytjendur eru m.a. steypustöðvar geta þessir aðilar jafnframt gefið upplýsingar um flutninga á steypu eftir vegakerfinu.



*Póstflytjendur*

Póstur og sími

*Aðrir aðilar*

*Olíufyrirtæki*

Olíudreifing Esso og Olís

Skeljungur

*Fiskmarkaðir*

Reiknistofa fiskmarkaða

Íslandsmarkaður

*Malarflytjendur*

Vegagerðin

Siglingastofnun

Sveitarfélög

Landsvirkjun

Víkurframleiðendur

Steypustöðvar í Reykjavík og á landsbyggðinni

Malbikunarstöðvar í Reykjavík og á landsbyggðinni

*Áburðarframleiðendur*

Áburðarverksmiðjan

*Sementsframleiðendur*

Sementsverksmiðjan


*Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði*

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Afurðastöðvar í Reykjavík og á landsbyggðinni

Vöruslutningafyrirtæki í Reykjavík geta látið af hendi upplýsingar um flutninga á milli Reykjavíkur og staða á landsbyggðinni en til þess að fá upplýsingar um flutninga vöruslutningafyrirtækja á milli staða á landsbyggðinni verður að hafa samband við vöruslutningafyrirtæki á landsbyggðinni. Sama er að segja varðandi fólksflutninga, þ.e. Bifreiðastöð Íslands getur veitt upplýsingar um fólksflutninga á milli Reykjavíkur og staða á landsbyggðinni en til þess að fá upplýsingar um þessa flutninga á milli staða á landsbyggðinni verður að hafa samband við fólksflutningafyrirtækin sjálf. Upplýsinga um flutninga á olíuvörum má afla með því að hafa samband við tvo aðila, þ.e. Skeljung og Olíudreifingu Esso og Olís. Tvö sölusamtök eru fyrir fiskmarkaðina í landinu, þ.e. Reiknistofa fiskmarkaða og Íslandsmarkaður, og má afla upplýsinga um fiskflutninga hjá þessum aðilum. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði geta veitt upplýsingar um flutninga á mjólk að afurðastöðvum en hins vegar verður að hafa samband við hverja afurðastöð fyrir sig til að fá upplýsingar um flutninga á afurðum þeirra á markað, þ.e. flutninga á mjólkurafurðum.

Pær upplýsingar sem nú þegar hafa borist eru upplýsingar um fiskflutninga, mjólkurflutninga, sementsflutninga og áburðarflutninga. Reiknistofa fiskmarkaða og




Íslandsmarkaður hafa veitt upplýsingar um fiskflutninga á vegum fiskmarkaða. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði hafa veitt upplýsingar um flutninga á mjólk til afurðastöðva. Einnig hefur eitthvað af upplýsingum borist frá afurðastöðvunum sjálfum um flutninga á mjólkurafurðum á markað. Áburðaverksmiðjan hefur veitt upplýsingar um flutninga sína á áburði eftir þjóðvegakerfinu og einnig hefur Sementsverksmiðjan gert svo.

Árangur söfnunar þessara upplýsinga með fyrirtækjakönnunum er, eins og áður sagði, meðal annars háður því hvort aðilar láta umbeðnar upplýsingar af hendi. Draga má tvær ályktanir út frá þeirri reynslu sem nú þegar hefur fengist varðandi upplýsingasöfnun hjá þessum aðilum með fyrirtækjakönnunum.

1. Því færri tegundir flutninga sem ákveðinn aðili er beðinn um að veita upplýsingar um því líklegra er að umbeðnar upplýsingar berist.
2. Því færri aðila sem haft er samband við til að afla upplýsinga um ákveðna tegund flutninga því líklegra er að umbeðnar upplýsingar berist.

Oliufyrirtækin eru undantekning frá þessu þar sem gera má ráð fyrir miðað við fengna reynslu að þau verði ekki fús til að láta af hendi upplýsingar varðandi flutninga sína. Hér ráða markaðsaðstæður mestu um þar sem upplýsingarnar sem þau myndu láta af hendi gæfu skýra mynd af markaðshlutdeild hvers þeirra á einstökum stöðum á landinu.



## 4. Lýsing á veganeti


Í vega- og fyrirtækjakönnunum koma við sögu um 400 staðir á Íslandi. Erfitt er að skoða gögn og sýna á markvissan hátt með svo marga staði í takinu. Því var ákveðið að skilgreina færri staði sem dygðu til að lýsa helstu flutningum. Úr varð að notast við 86 staði. Líta má á þessa staði sem fulltrúa tiltekinna svæða (traffic zones).

Frumgögn eru geymd en skilgreind vörpun frá öllum stöðum í staðina 86. Þannig er tiltölulega auðvelt að bæta við stöðum ef ástæða verður til þess.

Í 6. töflu eru taldir upp allir hnútar samgöngunetsins. Þeim hefur öllum verið gefið númer á þann hátt að póstnúmer eru notuð þar sem þau eru fyrir hendi.

Leggirnir eru ekki taldir upp en fyrir þeim er gerð grein með korti á bls. 19. Enn eru engin gögn um leggina í gagnagrunninum. Hins vegar eru miklar upplýsingar um þá í tölvukerfi Vegagerðarinnar og á næstu mánuðum verður unnið að því að draga upplýsingar yfir í gagnagrunn samgöngunetsins.


Í 7. töflu á bls. 20 - 23 er upptalning á öllum stöðum sem hafa komið fyrir í könnununum og sagt í hvaða hnúta þeim er varpað.




6. tafla: *Hnútar í veganeti.*

Skilgreindir staðir í samgönguneti					
Lykilnr.	Heiti staðar	Landshl.	Lykilnr.	Heiti staðar	Landshl.
101	Reykjavík (M.br. við Umf.)	HÖF	600	Akureyri	NL
105	Reykjavík (M.br. + Kr.br.)	HÖF	605	Svalbarðseyri	NL
110	Reykjavík (Hringvegur)	HÖF	610	Grenivík	NL
170	Seltamarnes	HÖF	614	Vegamót 1 og 83	NL
200	Kópavogur	HÖF	620	Dalvík	NL
220	Hafnarfjörður	HÖF	625	Ólafsfjörður	NL
230	Keflavík	RN	640	Húsavík	NL
233	Hafnir	RN	645	Fosshóll	NL
234	Vegamót 41 og 43	RN	650	Laugar	NL
240	Gríndavík	RN	660	Reykjahlíð	NL
245	Sandgerði	RN	670	Kópasker	NL
250	Garður	RN	675	Raufarhöfn	NL
270	Mosfellsbær	HÖF	680	Pórshöfn	NL
300	Akranes	VL	685	Bakkafjörður	AL
303	Grundartangi	VL	690	Vopnafjörður	AL
304	Vegamót 1 og 51	VL	700	Egilssstaðir	AL
310	Borgarnes	VL	704	Vegamót 1 og 917	AL
340	Stykkishólmur	VL	710	Seyðisfjörður	AL
344	Vegamót 54 og 56	VL	720	Borgarfjörður Eystri	AL
350	Grundarfjörður	VL	730	Reyðarfjörður	AL
355	Ólafsvík	VL	735	Eskifjörður	AL
360	Hellissandur	VL	740	Neskaupstaður	AL
370	Búðardalur	VL	750	Fáskrúðsfjörður	AL
380	Króksfjarðarnes	VF	755	Stöðvarfjörður	AL
394	Vegamót 1 og 60	VL	760	Breiðdalsvík	AL
400	Ísafjörður	VF	765	Djúpivogur	AL
415	Bolungarvík	VF	780	Höfn í Hornafirði	SL
450	Patreksfjörður	VF	785	Fagurhólmseyri	SL
454	Brjánslækur	VF	800	Selfoss	SL
465	Bíldudalur	VF	810	Hveragerði	SL
470	Þingeyri	VF	814	Vegamót 1 og 39	SL
500	Brú	NL	815	Þorlákshöfn	SL
510	Hólmatvík	VF	820	Eyrarbakki	SL
530	Hvammstangi	NL	840	Laugarvatn	SL
540	Blönduós	NL	844	Vegamót 1 og 30	SL
545	Skagaströnd	NL	845	Flúðir	SL
550	Sauðárkrúkur	NL	847	Búrfell	SL
554	Vegamót 75 og 76	NL	850	Hella	SL
560	Varmahlíð	NL	854	Vegamót 1 og 26	SL
564	Vegamót 1 og 76	NL	857	Galtalækur	SL
565	Hofsós	NL	860	Hvolsvöllur	SL
580	Siglufjörður	NL	870	Vík	SL
			880	Kirkjubæjarklaustur	SL
			900	Vestmannaeyjar	SL









7. tafla: Vörpun staða samkvæmt spurningablaðinu yfir í staði samkvæmt veganeti.


Á spurningablaði	Á veganeti	Á spurningablaði	Á veganeti
Akranes	Akranes	Pjórsárdalur	Búrfell
Akureyri	Akureyri	Landmannalaugar	Búrfell
Eyjafjörður	Akureyri	Landssveit	Búrfell
Hrafnagil	Akureyri	Kvíslaveitur	Búrfell
Heiðargarður	Akureyri	Hrauneyjarfossvirkjun	Búrfell
Eyrarland	Akureyri	Mógiðsá	Búrfell
Leifssstaðir	Akureyri	Kerlingarfjöll	Búrfell
Austurhlíð	Akureyri	Veiðivötn	Búrfell
Möðruvellir	Akureyri	Dalvík	Dalvík
Bakkafjörður	Bakkafjörður	Vellir	Dalvík
Bíldudalur	Bíldudalur	Hrísey	Dalvík
Blöndós	Blönduós	Arskógsströnd	Dalvík
Vatnisdalur	Blönduós	Djúpivogur	Djúpivogur
Auðkúla	Blönduós	Egilssstaðir	Egilssstaðir
Húnavellir	Blönduós	Eiðar	Egilssstaðir
Langidalur	Blönduós	Egilssstaðir býli	Egilssstaðir
Víðidalur	Blönduós	Fellabær	Egilssstaðir
Bolungarvík	Bolungarvík	Valaskjálf	Egilssstaðir
Borgarfjörður eystri	Borgarfjörður Eystri	Hallormsstaður	Egilssstaðir
Borgarnes	Borgarnes	Skipalækur	Egilssstaðir
Hvanneyri	Borgarnes	Vallarnes	Egilssstaðir
Skorradalur	Borgarnes	Vallarvegur	Egilssstaðir
Varmaland	Borgarnes	Eyjólfssstaðir	Egilssstaðir
Leirulækur	Borgarnes	Fljótsdalur	Egilssstaðir
Lundareykjadalur	Borgarnes	Mýnes	Egilssstaðir
Húsafell	Borgarnes	Skriðdalur	Egilssstaðir
Andakílshreppur	Borgarnes	Ormarsstaðir	Egilssstaðir
Stafholt	Borgarnes	Hverkfjöll	Egilssstaðir
Ölver, Melasveit	Borgarnes	Vallarhreppur	Egilssstaðir
Hvítárvellir	Borgarnes	Brekka	Egilssstaðir
Eldborg	Borgarnes	Tunguhagi	Egilssstaðir
Berunes	Breiðalsvík	Eskifjörður	Eskifjörður
Breiðalsvík	Breiðalsvík	Eyrarbakki	Eyrarbakki
Borðeyri	Brú	Stokkseyri	Eyrarbakki
Reykjaskóli	Brú	Flói	Eyrarbakki
Fagrabrekka	Brú	Litla Hraun	Eyrarbakki
Hrútafjörður	Brú	Jökulsárlón	Fagurhólmseyri
Brú	Brú	Svínafell	Fagurhólmseyri
Staðarskáli	Brú	Skaftafell	Fagurhólmseyri
Holtavörðuheiði	Brú	Hof öræfi	Fagurhólmseyri
Blesastaðir	Búðardalur	Fáskrúðsfjörður	Fáskrúðsfjörður
Búðardalur	Búðardalur	Tunga	Fáskrúðsfjörður
Miðdalir	Búðardalur	Flókalundur	Flókalundur
Staðarfell	Búðardalur	Iða	Flúðir
Dalasysla	Búðardalur	Flúðir	Flúðir
Dalir	Búðardalur	Hrunamannahreppur	Flúðir
Hvammsfjörður	Búðardalur	Aratunga	Flúðir
Svarfhóll í Döllum	Búðardalur	Biskupstungur	Flúðir
Lambafell	Búrfell	Brúarhlöð	Flúðir
Búrfell	Búrfell	Stóra Laxá	Flúðir
Gnúpverjahreppur	Búrfell	Hvítá	Flúðir



Á spurningablaði	Á veganeti	Á spurningablaði	Á veganeti
Arnes	Flúðir	Hvolsvöllur	Hvolsvöllur
Skálholt	Flúðir	Austur Landeyjar	Hvolsvöllur
Reykir	Flúðir	Skálakot undir Eyjafj.	Hvolsvöllur
Reykholts, Biskupstungu	Flúðir	Oddhóll	Hvolsvöllur
Hvítárnes	Flúðir	Fljótshlíðarhreppur	Hvolsvöllur
Sýðra Langholt	Flúðir	Keldur	Hvolsvöllur
Hvítárholt	Flúðir	Eyjafjöll	Hvolsvöllur
Reykjadalur	Fosshóll	Pórsmörk	Hvolsvöllur
Fljótshleiði	Fosshóll	Landeyjar	Hvolsvöllur
Bárðardalur	Fosshóll	Skeggjastaðir	Hvolsvöllur
Pverá	Fosshóll	Emstrur	Hvolsvöllur
Reykjahverfi	Fosshóll	Höfn í Hornafirði	Höfn í Hornafirði
Mýri	Fosshóll	Stafafell	Höfn í Hornafirði
Hekla	Galtalækur	Hornafjörður	Höfn í Hornafirði
Hreppar	Galtalækur	Skálagellsjökull	Höfn í Hornafirði
Leirubakki	Galtalækur	Nesjaskóli	Höfn í Hornafirði
Skarð	Galtalækur	Hofgarðar	Höfn í Hornafirði
Garður	Garður	Krossanes	Höfn í Hornafirði
Dalsmynni	Grenivík	Ísafjörður	Ísafjörður
Grenivík	Grenivík	Nauteyri	Ísafjörður
Grindavík	Grindavík	Keflavík	Keflavík
Krísvík	Grindavík	Reykjanesbær	Keflavík
Grundarfjörður	Grundarfjörður	Keflavíkurflugvöllur	Keflavík
Hraunsfjörður	Grundarfjörður	Njarðvík	Keflavík
Bjarteyjarsandur	Grundartangi	Holt	Kirkjubæjarklaustur
Grundartangi	Grundartangi	Klaustur	Kirkjubæjarklaustur
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður	Kirkjubæjarklaustur	Kirkjubæjarklaustur
Garðabær	Hafnarfjörður	Freysnes	Kirkjubæjarklaustur
Straumsvík	Hafnarfjörður	Skeiðarársandur	Kirkjubæjarklaustur
Þykkvibær	Hella	Versalir	Kirkjubæjarklaustur
Hella	Hella	Kópasker	Kópasker
Gunnarsholt	Hella	Asbyrgi	Kópasker
Hrólfssstaðahellir	Hella	Kelduhverfi	Kópasker
Hafnarfell	Hella	Óxarfjörður	Kópasker
Snjallsteinshöfði	Hella	Kópavogur	Kópavogur
Hellissandur	Hellissandur	Hvaleyri	Kópavogur
Hofsós	Hofsós	Alftarnes	Kópavogur
Hól mavík	Hól mavík	Reykholts	Króksfjarðarnes
Drangseyri	Hól mavík	Reykhólar	Króksfjarðarnes
Drangsnes	Hól mavík	Skiðuland	Króksfjarðarnes
Strandir	Hól mavík	Króksfjarðarnes	Króksfjarðarnes
Pórustaðir	Hól mavík	Saurbær Dalasýslu	Króksfjarðarnes
Norðurfjörður, Ströndum	Hól mavík	Berufjörður	Króksfjarðarnes
Broddanes	Hól mavík	Breiðafjörður	Króksfjarðarnes
Bæjarhreppur	Hól mavík	Gilsfjörður	Króksfjarðarnes
Steingrímsfjörður	Hól mavík	Bjarnarholt	Króksfjarðarnes
Húsavík	Húsavík	Laugar	Laugar
Tjörnes	Húsavík	Narfastaðir	Laugar
Miðfjörður	Hvammstangi	Einarsstaðir	Laugar
Laugabakki	Hvammstangi	Aðaldalur	Laugar
Hvammstangi	Hvammstangi	Laugarás	Laugarvatn
Hveragerði	Hveragerði	Svínnavatn í Grímsnesi	Laugarvatn
Núpar Olfusi	Hveragerði	Tungur	Laugarvatn



Á spurningablaði	Á veganeti	Á spurningablaði	Á veganeti
Gullfoss	Laugarvatn	Hraungerðishreppur	Selfoss
Laugarvatn	Laugarvatn	Vaðnes	Selfoss
Pingvellir	Laugarvatn	Kirkjuferjuhjáleiga	Selfoss
Steingrímsstöð	Laugarvatn	Eyði Sandvík	Selfoss
Grafningur	Laugarvatn	Seltjarnarnes	Seltjarnarnes
Kjölur	Laugarvatn	Seyðisfjörður	Seyðisfjörður
Prastarskógr	Laugarvatn	Fjarðarheiði	Seyðisfjörður
Ljósafoss	Laugarvatn	Sandvíkurhreppur	Seyðisfjörður
Geysir	Laugarvatn	Siglufjörður	Siglufjörður
Mikholtshreppur	Laugarvatn	Fjót	Siglufjörður
Mosfellsbær	Mosfellsbær	Skagaströnd	Skagaströnd
Kjós	Mosfellsbær	Efri Þverá (Húnavatnss.)	Skagaströnd
Kjalarnes	Mosfellsbær	Árbakki	Skagaströnd
Brautarholt	Mosfellsbær	Helgafelssveit	Stykkishólmur
Nesbúð, Nesjavöllum	Mosfellsbær	Stykkishólmur	Stykkishólmur
Neskaupsstaður	Neskaupstaður	Snæfellsnes	Stykkishólmur
Norðfjörður	Neskaupstaður	Stöðvarfjörður	Stöðvarfjörður
Olafsfjörður	Olafsfjörður	Svalbarðseyri	Svalbarðseyri
Olafsvík	Olafsvík	Svalbarðsströnd	Svalbarðseyri
Arnarstapi	Olafsvík	Glæsibær	Svalbarðseyri
Búðir	Olafsvík	Varmahlíð	Varmahlíð
Melasvælt	Omerkt	Húseyjarkvísl	Varmahlíð
	Omerkt	Gunnarshólmi	Vegamót 1 og 26
Pórólfsstaðir	Omerkt	Sandhólaferja	Vegamót 1 og 26
Skúlastaðir	Omerkt	Asahreppur	Vegamót 1 og 26
Svartiskógr	Omerkt	Villingaholtshreppur	Vegamót 1 og 30
Nýji Bær	Omerkt	Skeiðahreppur	Vegamót 1 og 30
Patreksfjörður	Patreksfjörður	Húsatóftir	Vegamót 1 og 30
Raufarhöfn	Raufarhöfn	Holtahreppur	Vegamót 1 og 30
Asmundarstaðir	Raufarhöfn	Mýrar	Vegamót 1 og 30
Reyðarfjörður	Reyðarfjörður	Bolalda	Vegamót 1 og 39
Mývatn	Reykjahlíð	Kolviðarhóll	Vegamót 1 og 39
Biskupsháls	Reykjahlíð	Prengsl	Vegamót 1 og 39
Grímsstaðir	Reykjahlíð	Litla Kaffistofan	Vegamót 1 og 39
Herðubreið	Reykjahlíð	Hellisheiði syðri	Vegamót 1 og 39
Mývatnssveit	Reykjahlíð	Sandskeið	Vegamót 1 og 39
Krafla	Reykjahlíð	Írafoss	Vegamót 1 og 39
Dettifoss	Reykjahlíð	Jósepsdalur	Vegamót 1 og 39
Reykjavík	Reykjavík (Hringvegur)	Ulfhljótsvatn	Vegamót 1 og 39
Heiðmörk	Reykjavík (Hringvegur)	Vatnaskógr	Vegamót 1 og 51
Lyngháls	Reykjavík (Mbr. + Krbr.)	Hvalfjörður	Vegamót 1 og 51
Ferjukot (n. og v. Rvk.)	Reykjavík (Mbr. v Umf.)	Grafardalur	Vegamót 1 og 51
Sandgerði	Sandgerði	Botnsdalur	Vegamót 1 og 51
Helguvík	Sandgerði	Olíustöðin Hvalfirði	Vegamót 1 og 51
Skagafjörður	Sauðárkrókur	Leirársveit	Vegamót 1 og 51
Sauðárkrókur	Sauðárkrókur	Líbarítháma	Vegamót 1 og 51
Selfoss	Selfoss	Hóll í Svínadal	Vegamót 1 og 51
Grímsnes	Selfoss	Ferstikla	Vegamót 1 og 51
Straumsnes	Selfoss	Hvammsvík	Vegamót 1 og 51
Hjarðarból Ölfusi	Selfoss	Pyril	Vegamót 1 og 51
Lambhagi	Selfoss	Kambshóll í Svínadal	Vegamót 1 og 51
Gaulverjabær	Selfoss	Brynjodalur	Vegamót 1 og 51
Ölfus	Selfoss	Dragháls	Vegamót 1 og 51



Á spurningablaði	Á veganeti	Á spurningablaði	Á veganeti
Borgarfjörður	Vegamót 1 og 60	Dýrafjörður	Þingeyri
Munaðarnes	Vegamót 1 og 60	Þorlákshöfn	Þorlákshöfn
Hálsasveit	Vegamót 1 og 60	Herdísarvík	Þorlákshöfn
Kleppjárnsreykir	Vegamót 1 og 60	Pórshöfn	Pórshöfn
Dýrastaðir	Vegamót 1 og 60	Brúarland	Pórshöfn
Reykholtsdalur	Vegamót 1 og 60		
Hvítársíða	Vegamót 1 og 60		
Bifrost	Vegamót 1 og 60		
Einifell	Vegamót 1 og 60		
Hveravellir	Vegamót 1 og 60		
Laugaland	Vegamót 1 og 60		
Fnjóská	Vegamót 1 og 83		
Stóru tjarnir	Vegamót 1 og 83		
Vaglaskókur	Vegamót 1 og 83		
Fnjóskadalur	Vegamót 1 og 83		
Ljósavatn	Vegamót 1 og 83		
Ljósavatnsskarð	Vegamót 1 og 83		
Jökuldalur	Vegamót 1 og 917		
Hjaltastaðaþinghá	Vegamót 1 og 917		
Möðrudalur	Vegamót 1 og 917		
Jökulsárhlíð	Vegamót 1 og 917		
Möðrudalsöræfi	Vegamót 1 og 917		
Brúarás	Vegamót 1 og 917		
Kverkfjöll	Vegamót 1 og 917		
Hérað við Egilsstaði	Vegamót 1 og 917		
Hróarstunga	Vegamót 1 og 917		
Fossvellir	Vegamót 1 og 917		
Litli bakki	Vegamót 1 og 917		
Heiðarsel	Vegamót 1 og 917		
Hlíðarhreppur	Vegamót 1 og 917		
Askja	Vegamót 1 og 917		
Vatnsleysuströnd	Vegamót 41 og 43		
Vogar	Vegamót 41 og 43		
Kúagerði	Vegamót 41 og 43		
Hítardalur	Vegamót 54 og 56		
Miðhraun	Vegamót 54 og 56		
Viðvíkurhreppur	Vegamót 75 og 76		
Hjaltadalur	Vegamót 75 og 76		
Hólar	Vegamót 75 og 76		
Vestmannaeyjar	Vestmannaeyjar		
Skógar	Vík		
Vík í Myrdal	Vík		
Suðurland	Vík		
Syðri fjallabak	Vík		
Rangavallarsýsla	Vík		
Mýrdalssandur	Vík		
Þorvaldseyri	Vík		
Mýrdalsjökull	Vík		
Hjörleifshófði	Vík		
Vopnafjörður	Vopnafjörður		
Helliheiði eystri	Vopnafjörður		
Þingeyri	Þingeyri		
Haukadalur	Þingeyri		



## 5. Mat á heildarflutningum

Með þessum kafla er í fyrsta sinn reynt að draga upp mynd af flutningum á vegakerfinu á grundvelli þeirra gagna sem nú eru í gagnagrunni. Tilgangur þessa er þríþættur. Í fyrsta lagi eru veittar upplýsingar um flutninga á Íslandi. Í öðru lagi er þetta liður í að þróa aðferðafræði og líkön sem nota má til að draga fram og lýsa upplýsingum sem felast í gagnagrunninum. Í þriðja lagi eiga þessar upplýsingar að auðvelda markvissa skilgreiningu á þriðja áfanga verkefnisins.

### 5.1. Eldra mat á heildarflutningum

